

Stjórnsýsluendurskoðun

Starfsáætlun 2007–2009



Janúar 2007

1. Inngangur

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í því að „kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“.

Í þessari starfsáætlun Ríkisendurskoðunar fyrir árin 2007–2009 kemur fram að hvaða málaflokkum ríkisrekstrarins stjórnsluúttektir munu beinast á næstu árum. Er þá eingöngu átt við þær úttektir sem stofnunin hefur sjálf frumkvæði að en hluti úttekta er að beiðni Alþingis, ráðuneyta eða stofnana. Gert er ráð fyrir að úttektir samkvæmt þessari áætlun verði u.þ.b. helmingur úttekta á tímabilinu. Í áætluninni er jafnframt fjallað um þá þætti í stjórnun og rekstri sem áhersla verður lögð á í úttektum. Starfsáætlun 2007–2009 er útfærð nánar í verkefnaáætlun hvers árs.

2. Málaflokkar

Á tímabilinu 2007–2009 munu stjórnsluúttektir sem Ríkisendurskoðun vinnur að eigin frumkvæði beinast að eftirtöldum málaflokkum:

- **Vinumarkaðsmálum** (félagsmálaráðuneyti).
- **Fjölskyldu- og velferðarmálum** (félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, menntamálaráðuneyti).
- **Löggæslu og dómskerfi** (dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti vegna tollgæslu).
- **Erlendri efnahagsaðstoð og friðargæslu** (utanríkisráðuneyti).
- **Utanríkisþjónustu** (utanríkisráðuneyti).
- **Opinberum fjármálum og stjórnslu** (fjármálaráðuneyti).
- **Sjávarútvegsmálum** (sjávarútvegsráðuneyti).

Auk framangreindra málaflokka verða gerðar úttektir á tímabilinu sem ganga þvert á ráðuneyti og málaflokka (*cross-government*).

Val á málaflokkum byggðist á eftirfarandi fjórum viðmiðum:

1. **Fjárhagslegu umfangi:** Könnuð var hlutfallsleg skipting útgjalda ríkisins milli málaflokka og gengið út frá því að því hærra sem hlutfall tiltekins málaflokks væri, þeim mun ríkari ástæða væri til að velja hann.
2. **Áhættumati:** Reynt var að meta innan hvaða málaflokka væri mest hætta á að starfsemin væri ekki eins hagkvæm, skilvirk og árangursrík og kostur væri. Mat á áhættu byggðist á tveimur þáttum. Annars vegar var könnuð *kostnaðarþróun* málaflokka sl. 5 ár. Gengið var út frá því að mikil hlutfallsleg aukning kostnaðar hefði í för með sér aukna áhættu. Hins vegar voru kannaðar *breytingar* innan málaflokka sl. 5 ár, t.d. skipulagsbreytingar, lagabreytingar og breytingar á umhverfi. Gengið var út frá því að miklar breytingar hefðu í för með sér aukna áhættu.
3. **Mati á svigrúmi til úrbóta:** Reynt var að meta innan hvaða málaflokka væri helst svigrúm til að auka hagkvæmni, skilvirkni og árangur umfram aðra. Byggðist matið m.a. á ábendingum frá starfsmönnum Ríkisendurskoðunar.
4. **Fyrri úttektum Ríkisendurskoðunar:** Kannað var að hvaða málaflokkum stjórnsluúttektir Ríkisendurskoðunar hafa beinst til þessa. Gengið var út frá því að því minni athygli sem tiltekinn málaflokkur hefði notið, þeim mun ríkari ástæða væri til að velja hann.

Leitast var við að vega viðmiðin saman en þó ekki á kerfisbundinn hátt, t.d. með stigagjöf. Eitt viðmið gat vegið þyngra en önnur og jafnvel ráðið úrslitum um val á einstökum málaflokkum.

3. Áherslupættir í stjórnun og rekstri

Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti í stjórnun og rekstri ríkisins í stjórnsluúttektum á tímabilinu 2007–2009:

- **Framkvæmd árangursstjórnunar**

Gæði stefnumótunar, markmiðssetningar, áætlanagerðar, árangursmælinga og eftirfylgni hjá ráðuneytum og stofnunum.

- **Framleiðni vinnuafls og fjármagns**

Hlutfallið milli annars vegar vinnuafls og afurða og hins vegar fjármagns og afurða hjá ráðuneytum og stofnunum.

- **Málsmeðferðar- og afgreiðslutíma**

Tíma sem tekur að afgreiða erindi borgaranna hjá stjórnslu- og þjónustustofnunum og í réttarvörslukerfinu.

- **Stjórnskipulagi málaflokka, verka- og ábyrgðarskiptingu**

Boðvald, ábyrgð og samspil ráðuneyta og stofnana við framkvæmd verkefna ríkisins.

- **Gæði þjónustu**

Gæði þeirrar þjónustu sem opinberir aðilar veita.

- **Starfsmannastjórnun**

Ráðningar og starfslok, þjálfun nýliða og endurmenntun starfsfólks ráðuneyta og stofnana.